

---

# LÖGFRÆÐISVIÐ

*Hver er réttur sjómanna til hlutar úr viðurkenndum  
skaðabótarétti hæstaréttardóms nr. 508/2017?*

Ritgerð til BS gráðu

Nafn nemanda: Örn Friðriksson

Leiðbeinandi: Fróði Steingrímsson

Sumar 2021



**HÁSKÓLINN Á BIFRÖST**  
BIFRÖST UNIVERSITY

---

---

## LÖGFRÆÐISVIÐ

*Hver er réttur sjómanna til hlutar úr viðurkenndur  
skaðabótarétti hæstaréttardóms nr. 508/2017?*

Ritgerð til BS gráðu

Nafn nemanda: Örn Friðriksson

Leiðbeinandi: Fróði Steingrímsson

Sumar 2021



**HÁSKÓLINN Á BIFRÖST**  
BIFRÖST UNIVERSITY

---



## Höfundarréttaryfirlýsing

Þessi ritgerð er til BS. gráðu í viðskiptalögfræði við Háskólann að Bifröst. Höfundur hefur einn komið að skrifum þessum og þar sem skrif annara eru notuð er þess getið í heimildarskrá. Ekki er heimilt að nýta skrif þessi nema með leifi höfundar.

Örn Friðriksson

---

## Útdráttur

Í verkefni þessu er það tekið til skoðunar hvort sjómenn eigi rétt á skaðabótum útfrá dæmdum rétti útgerðar til skaðabóta sem kom til vegna þess að ríkið braut á rétti fyrirtækis er varðar úthlutun á makrílkvóta til skips í eigu þess. Ástæðan fyrir vali á þessu verkefni til BS- gráðu við Háskólann að Bifröst er sú umræða sem átt hefur sér stað meðal sjómanna um málið. Það er því tilgangur verksins að leiða í ljós hvort réttur til hlutar úr dæmdum bótarétti fyrirtækisins sé til staðar.

Niðurstaðan er í raun sú að réttur sjómanna til hlutar úr þessum dæmda bótarrétti sé ekki til staðar. Til greina komi hins vegar, það að til álita að sjómenn á makrílveiðiskipum eigi ámóta rétt til bóta og útgerðir frá ríkinu vegna þeirra ráðstafana sem ríkið viðhafði við úthlutun á veiðiheimildum í makríl á árunum 2011 til 2014. Þar sem fyrirtæki ber ábyrgð á launagreiðslu til áhafnar, verður áhöfn að beina kröfum sínum til fyrirtækis.

---

## **Abstrakt**

In this essay, it is examined whether the crew of a ship is entitled to compensation based on a Supreme court ruling in a companies case that arose because the Icelandic state violated fishing regulations in regards to the allotment of mackerel quota a ship, owned said company, had a right to.

The reason for choosing this project for a BS degree at Bifröst University is the discussion that has taken place among fishermen about the issue. It is therefore the purpose of the essay is to find out whether there is a right to a share of the company's awarded right to compensation.

The conclusion is in fact that the independent right of fishermen to a share of the company compensated right does not exist.

On the other hand, fishermen on fishing vessels may have an equal right to compensation and fishing from the state due to the measures that the state took when allocating fishing quotas for mackerel in the years 2011 to 2014. Since companies are responsible for paying crews, the crew must direct their demands to the company. In this project, it is examined whether seafarers are entitled to compensation based on the company's judged right to compensation that arose because the state violated a company's right regarding the allocation of mackerel quotas to a ship owned by it. The reason for choosing this project for a BS degree at Bifröst University is the discussion that has taken place among fishermen about the issue. It is therefore the purpose of the work to find out whether there is a right to a share of the company's awarded right to compensation.

The conclusion is in fact that the right of fishermen to a share of this awarded right to compensation does not exist. On the other hand, it is possible that fishermen on mackerel fishing vessels have an equal right to compensation and fishing from the state due to the measures that the state took when allocating fishing rights for mackerel in the years 2011 to 2014. Since companies are responsible for paying crews, the crew must direct their demands to the company.



## Formáli

Höfundur vann þetta verkefni sumarið 2021. Verkefni þetta er 12 eininga BS- ritgerð í viðskipta lögfræði við Háskólann að Bifröst. Ástæðan fyrir vali höfundar á verkefni þessu er hið sérstaka launakerfi sjómanna. Fróða Steingrímssyni leiðbeinanda mínum er þökkuð þolinmæði og góð ráð og leiðbeiningar. Fjölskyldu minn ber þakkir fyrir sýnda þolinmæði á meðan skrifum þessum stóð og einnig á námstíma mínum við Háskólann að Bifröst..

Verkefni þetta er tileinkað kjarabaráttu sjómanna.

---

Örn Friðriksson

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	2
2	Álitaefnið.....	3
2.1	Hugtök .....	3
2.2	Fiskveiðistjórnunarkerfið.....	4
3	Réttarheimildir .....	5
3.1	Reglugerðir .....	8
3.2	Sjómannalög .....	9
3.3	Kjarasamningar sjómanna .....	10
4	Makríldeilan um veiðiheimildir .....	13
5	Dómar.....	14
5.1	Héraðsdómur .....	14
5.2	Hæstaréttardómur .....	16
5.2.1	Yfirferð á Hrd. 508/2017.....	16
5.3	Aðrir dómar .....	17
6	Skaðabótaábyrgð .....	18
7	Hver er réttur sjómanna í kjölfar dóms Hæstaréttar? .....	19
7.1	Hvert er tjón áhafnarmeðlima á Hugin VE 55.....	24
7.1.1	Fyrirtækið Huginn ehf.,.....	24
7.1.2	Áhöfnin og tjónið .....	24
8	Lokaorð .....	26
	HEIMILDASKRÁ .....	27

# 1 Inngangur

Frá upphafi makrílveiða hér á landi hafa verið deilur um úthlutun á veiðiheimildum á makríl. Þeir aðilar sem voru frumkvöðlar er varðar þessar veiðar vor á sínum tíma mjög ósáttir er þeir sem ekki höfðu lagt í neinn þróunarkostnað við veiðarnar fengju veiðiheimildir. Þegar aðferðir til makrílveiða voru í þróun hjá okkur Íslendingum í upphafi þessarar aldar kom reynsla annara þjóða ekki að miklu gagni fyrir útgerðir. Þær aðferðir sem notaðar höfðu verið hjá öðrum þjóðum voru þær að veiða makríl fyrst og fremst í hringnót. Þar sem fiskurinn var dreifður í yfirborðinu hér við land, við að afla sér fæðu var því ekki grundvöllur til hringnóta veiða. Makríllinn fer ekki í torfuástand sem hentar til hringnóta veiða fyrr en í september og er þá kominn djúpt austur af landinu. Fyrst þegar varð vart við makríl má segja að þá hafi verið stundaðar keppnisveiðar<sup>1</sup> á stofninum hér við landið. Það var árið 2006 sem makríll er gefinn upp til Fiskistofu í fyrsta skipti sem meðafli<sup>2</sup> með síld reyndar í litlu magni. Árið 2008 verður veruleg aukning á því magni sem veitt er og segja má að það ár hafi makrílveiðar formlega hafist við Ísland. Það ár er heildar afli 112.000 tonn og eftir það er stígandi í veiðunum og mesta magn sem Íslensk fiskiskip hafa komið með að landi á einu ári er um 175.000 tonn. Segja má að þessar veiðar hafi verið góð búbót fyrir land og þjóð í kjölfar fjármálakreppunnar. Gefin er út reglugerð nr. 283/2009. Þess efnis að heimilt sé íslenskum skipum að veiða 112.000 tonn. Ekki fjallaði þessi reglugerð með neinum hætti um hvað hver og einn mætti veiða. Með reglugerð um makrílveiðar fyrir árið 2010 kemur inn ný hugmyndafræði af hálfu sjávarútvegsráðherra. Þar fá fleiri skipaflokkar möguleika á því að stunda makrílveiðar í atvinnuskyni. Veiðireynsla þurfti ekki til að fá kvóta hjá ákveðnum flokkum skipa eins og lög gera ráð fyrir. Með reglugerð þessari nr. 285/2010 er í raun sleginn sá tónn sem varð grunnur að því deilumáli sem endaði með Hæstaréttadómi nr. 508/2017 þar sem viðurkenndur var réttur fyrirtækisins Hugins ehf., til skaðabóta vegna hagnaðarmissi, sem kom til vegna minni úthlutunar á veiðiheimildum makríls en fyrirtækið átti rétt á. Í þessari ritgerð er það tekið til skoðunar hvort sjómenn sem störfuðu á Hugin VE 55 gætu átt rétt á hlut úr viðurkenndum skaðabótarétti sem dómur Hæstaréttar Íslands nr. 508/2017 viðurkenndi. Þar kemur til ágreiningur milli ríkis og Hugins ehf., vegna úthlutunar á veiðiheimildum í makríl á árunum 2011 til 2014.

<sup>1</sup> Hér er átt við það að veiðar voru stundaðar án nokkurra takmarkanna. <https://sjavarafli.is/kvoti-olympiskar-veidar-og-umburðarlyndi/> sótt: 8.07.2021

<sup>2</sup> Þegar talað er um meðafala er átt við þann afla sem kemur með í veiðarfærin en ekki var ætlunin að veiða. Makríll kemur fyrst í veiðafæri skipa þegar verið var við síldveiðar, þá er hann meðafli. <http://www.fiskistofa.is/leit?q=me%C3%B0afli> Sótt: 08.07.2021.



## 2 Álitaefnið

Eftir að Íslendingar fóru að gefa því gaum að nytjastofnar í hafi kringum Ísland væru takmörkuð auðlind hafa alltaf verið deilur um það kerfi sem sett var á til að ná stjórn á veiðum. Ekki hefur verið mikill ágreiningur um ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar sem heitir nú, Haf og vatn. Sú tegund af fiski sem veiðiheimildir í verkefni þessu er til umfjöllunar um, makrill, heyrir undir alþjóða hafrannsóknaráðið sem gefur út leiðbeinandi tilmæli um heildaraflamagn sem veiða má.<sup>3</sup> Misbrestur hefur verið á að þær þjóðir sem stunda þær veiðar hafi virt þá ráðgjöf. Við úthlutun aflaheimild þegar tegund er kvótasett hefur það verið megin regla að veiðireynsla síðust þriggja ára gefur skipi ákveðna hlutdeild af útgefnum aflaheimildum. Það veldur því ávallt deilum þegar stjórnvöld grípa til ráðstafana sem skerða heimildir til veiða, sem er grundvallaratriði í útgerð fiskiskipa. Hefur það á stundum verið tilhneiging pólitískra aflu að grípa til slíks, eins og um ræðir í því máli sem skrif þessi fjalla um. Uppsjávarútgerðin Huginn ehf., sem gerði út frystiskipið Hugin VE 55 á þessum tíma er hér um ræðir varð fyrir skerðingu á veiðiheimildum í makrill og önnur skip látinn hafa. Þar með varð skipið af tekjum og áhöfn þess. Eins urðu eigendur af hagnaði. Þar sem Huginn ehf., hefur fengið viðurkenningu á tjóni sínu með dómi Hæstaréttar er því rétt að skoða stöðu áhafnar varðandi þetta tjón vegna hlutaskiptakerfis útgerðar og sjómanna. Því verður leitast við að svara í BS ritgerð þessari eftir farandi spurningu: *Hver er réttur sjómanna til hlutar úr viðurkenndum skaðabótarétti hæstaréttardóms nr. 508/2017?*

### 2.1 Hugtök

Áður en lengra er haldið er rétt að gera grein fyrir nokkrum hugtökum sem koma fram í ritgerð þessari, sem og víða í lagabálkum er varða fiskveiðar.

**Hlutdeildarsetning** er hugtak sem segir til um þann hlut sem skip hafa af heildarmagni sem til úthlutunar er.<sup>4</sup>

**Fiskveiðistjórnunarkerfi** er hugtak sem tekur yfir allt sem viðkemur stjórnun á veiðum í hafinu, kringum Ísland, af hálfu stjórnvalda.<sup>5</sup>

**Aflaheimildir** er hugtak sem notað um þær heimildir sem veiðiskip hafa til veiða t.d., úr hverri einstakri tegund. Dæmi um þessa notkun: Skipið hefur x kg í aflaheimildir í þorski og x kg í ýsu.<sup>6</sup>

<sup>3</sup> <https://www.fiskifrettir.is/frettir/ny-og-haerri-veidiradgjof-i-makril/105058/> Sótt 09.07.2021

<sup>4</sup> <https://www.althingi.is/altext/143/s/0489.html> Sótt. 11.07.2021

<sup>5</sup> <http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/stjornfiskveida/> Sótt: 11.07.2021

<sup>6</sup> <http://www.fiskistofa.is/veidar/aflaheimildir/> Sótt: 11.07.2021

**Kvótakerfi** hefur sömu merkingu í raun og fiskveiðistjórnunarkerfi. Ágúst Einarsson, prófessor, lýsir aflamarkskerfi þannig: „Fiskveiðistjórnunarkerfi sem notað er hérlandis. Oft einfaldlega kallað kvótakerfið. Úthlutað er hlutdeildarkvótum í einstökum fisktegundum á skip útgerðaraðila til langs tíma, til dæmis 0,1% af leyfilegum heildarafla í þorski. Síðan er úthlutað til eins árs í senn aflamarki, til dæmis 100 tonnum af þorski. Útgerðarmenn veiða kvótann eða framselja hann til annarra útgerðarmanna innan ársins (kvótaleiga) eða selja hann varanlega (kvótasala)<sup>7</sup>

**Nytjastofnar**, þar er átt við þau náttúrulegu gæði sem nýtileg eru úr hafinu til hagsældar fyrir samfélagið. Talað um sem sameign þjóðarinnar.<sup>8</sup>

**Flökkustofn** er tegund af fiski sem flakkar inn og út úr lögsögu landa oft og tíðum er það árstíðabundið. Í ritverki þessu á það eingöngu við makríl.<sup>9</sup>

**Hlutaskiptakerfi**, launakerfi sjómanna, ákveðinn hundradshluti af innkomu á skip er eign sjómanna og útgerðarmaður selur í umboði þeirra.<sup>10</sup>

**Aflahlutur** er hlutur sjómann af veiddum afla veiðiskips.<sup>11</sup>

**Kauptrygging**, er lágmarkslaun sem tryggir sjómanni ákveðnar tekjur. Nái aflahlutur ekki þeirri upphæð sem kauptrygging er fær hann þessa tryggingu sem laun.<sup>12</sup>

## 2.2 Fiskveiðistjórnunarkerfið

Á síðustu áratugum síðustu aldar höfðu vaknað verulegar áhyggjur af ofveiði á nytjastofnum hinna ýmsu fiskitegund í hafinu við Ísland.<sup>13</sup> Fyrst ber að nefna þorskstofninn sem var og er okkar verðmætasti nytjastofn innan fiskveiði-lögsögunnar sem útflutningsvara. Ýmsar hugmyndir voru uppi á þessum tíma til að takmarka veiðar nytjastofnanna. Það var svo árið 1983 sem Alþingi setti lög um stjórn fiskveiða sem í daglegu tali er kallað kvótakerfi. Grunnhugmyndin á þessum tíma var sú að veiðireynsla undangenginna þriggja ára, fyrir kvótasetningu segði til um þær heimildir sem ákveðið skip fengi af heildarkvóta sem til úthlutunar var í hverri tegund. Það er síðan sjávarútvegsráðherra sem ákveður heildarmagn í hverri tegund eftir tillögu frá Hafrannsóknastofnun.

Sú hugmyndafræði sem kom fram við lagasetninguna á þessum tíma, var að það yrði veiðireynsla skips sem yrði notuð sem viðmið um það hvað skip fengi í aflaheimildir. Hefur

<sup>7</sup> <http://www3.hi.is/~agustei/agust/ordasafn.asp> Sótt:11.07.2021

<sup>8</sup> [https://sfs.is/wp-content/uploads/2018/06/2017-Islenkur\\_sjavarutvegur\\_03\\_Nytjastofnar.pdf](https://sfs.is/wp-content/uploads/2018/06/2017-Islenkur_sjavarutvegur_03_Nytjastofnar.pdf) Sótt:11.07.2021

<sup>9</sup> <http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/uthafsveidar/> Sótt: 11.07.2021

<sup>10</sup> <https://sfs.is/greinar/hlutaskiptakerfi-eda-fastlaunakerfi/> Sótt: 11.07.2021

<sup>11</sup> <https://www.ssi.is/kjaramal/kjarasamningur-milli-ssi-og-sfs/> Sótt: 11.07.2021

<sup>12</sup> <https://www.ssi.is/kjaramal/kjarasamningur-milli-ssi-og-sfs/> Sótt: 11.07.2021

<sup>13</sup> <https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/Skyrslur/3kafli.pdf> Sótt:08.08.2021

það eins og margt annað er varðar þetta stjórnkerfi verið gagnrýnt. Meðal annars var og hefur verið bent á að eðlileg nýliðun verði ekki í greininni. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram sem áttu og eiga sér þann grunntón að færa veiðheimildir frá stærri útgerðum eða skipum til minni aðila og nýliða. Þá hafa komið fram margskonar hugmyndir um arð af auðlindinni sem ekki verður farið í yfir nánar hér en bent á neðan málsgrein.<sup>14</sup> Eins og kom fram hér að ofan er heildarkvóti hvernar tegundar ákveðinn af ráðherra eftir tillögu Hafrannsóknastofnunar. Ef breyting væri gerð á þessu kerfi, með þeim hætti að aflaheimildir séu teknar af þeim er hafa, er því í raun verið að færa kvóta frá þeim sem veiðireynsla hafa til þeirra sem ekki hafa aflað sér reynslu. Um leið og það er gert skerðir það tekjur þeirra er sótt hafa sjóinn og hafa byggt afkomu sína á þessari hugmyndafræði um það að veiðireynsla undangenginna ára fyrir kvótasetningu sé það sem gefur skipi og útgerð aflaheimildir og sjómönnum laun. Stjórnvöld hafa komið fram með ýmsar leiðir til að koma t.d., smábátasjó mönnum til veiða<sup>15</sup>. Má þar nefna strandveiðikerfi. Það er ljóst mál að séu aflaheimildir/kvóti tekin af skipi/útgerð sem hefur og öðrum aðila fært skerðir það afkomu möguleika þess er fyrir verður.<sup>16</sup> Með þeim hæstaréttardómi sem er grunnurinn að ritgerð þessari var það skerðing á aflaheimildum sem var ágreiningsefnið. Veiðireynsla sú sem skip fyrirtækis hafði aflað sér var ekki virt, skipið gaf því ekki af sér þær tekjur sem það hefði getað skaffað fyrirtækinu og starfsmönnum þess.<sup>17</sup>

### 3 Réttarheimildir

Í 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrár er fjallað um atvinnufrelsi manna

Þar segir: Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.

Stjórnarskráin tryggir einstaklingnum frelsi til að stunda þá atvinnu sem hann kýs en setja má honum skorður. Þeir sem stunduðu fiskveiðar á miðunum í kringum Ísland voru því lengi vel ekki háðir neinum takmörkunum hvað aflamagn varðar eða tegundir sem þeir veiddu. Eins og kom fram hér að ofan þá er það á síðustu áratugum tuttugustu aldarinnar sem fór að bera á áhyggjum manna um ofveiði á nytjastofnum við Ísland. Var þá farin sú leið að setja lög sem settu mönnum takmörk hvað varðar það að stunda veiðar í lögsögu landsins óheft. Stjórnvöld

<sup>14</sup> <https://www.ruv.is/frett/2021/01/20/olia-kvotakerfid-og-thjodarsjodur> Sótt 12.08.2021. Margar hugmyndir þarna á ferðinni í þessari umfjöllun hjá RÚV.

<sup>15</sup> Sjá 6. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

<sup>16</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/sjavarutvegur-og-fiskeldi/sjavarutvegur/fiskveidistjornunarkerfid/> Sótt: 17.07.2021. <https://www.vb.is/frettir/atokin-um-kvotann/154071/> Sótt:17.07.2021.

<sup>17</sup> <http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/stjornfiskveida/> Sótt 17.07.2021

fóru þá að láta vísindalegar niðurstöður frá hafrannsóknunum ráða því hve mikið mætti veiða af hverri tegund nytjastofnanna. Ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 segir:

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

Eitt megininntak laganna er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna/ fiskistofna á Íslandsmiðum. Markmiðið er göfugt en ekki ríkir eining um það hvort lög um stjórn fiskveiða þjóni markmiðum sínum. Helsta ágreiningsefnið er það hvort ríkissjóður fái réttlátt endurgjald vegna nýtingar auðlindarinnar, nægjanlegt öryggi og trausta atvinnu á þeim stöðum sem íbúarnir hafa lifibrauð sitt af fiskveiðum eins og fram kemur í tilgangi laganna. Mörg dæmi má finna um það að útgerðir og skip eru seld frá samfélögum sem hafa að miklu leyti byggt afkomu sína á þeim störfum sem verða til í útgerð. Allmörg slík dæmi er að finna á Íslandi þrátt fyrir að það standi í fyrstu grein laganna að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila á veiðiheimildum. Rétt er að benda á þetta hér<sup>18</sup>. Í málinu sem hér er til skoðunar, var skoðað sérstaklega hvort skipið hefði haft getu til að veiða þá viðbót sem það varð af vegna rangrar úthlutunar á aflaheimildum. Þá hafa útgerðir verið að selja sín á milli aflaheimildir sem hafa orðið til þess að tekjumöguleikar einstaklinga sem við atvinnugreinina starfa hafa beðið mikið tjón af og sveitarfélögin sömuleiðis. Í lögum nr. 79/1997. um fiskveiðilandhelgi Íslands kemur fram í fyrstu grein þeirra að tilgangurinn sé:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

Grunntónn þessara laga er er því að mestu eins. Hagkvæm nýting og traust atvinna og að halda landinu í byggð. Hagkvæm nýting þar er átt við að afli sem veiddur með sem minnstum kostnaði og nú í dag með umhverfisvænum hætti, skili arði til þjóðarinnar.<sup>19</sup>Traust atvinna þýðir að einstaklingarnir sem hafa störf við greinina hafi starfsöryggi í greininni. Það háttar þannig til á Íslandi að stór hluti af sjávarútvegsfyrirtækjum er á landsbyggðinni. Sjávarútvegur hefur því miklu hlutverki að gegna er varðar að halda landinu í byggð.

Í 1. mgr. 9. gr. laga 116/2006 er fjallað um það hvernig aflaheimildir til handa fiskiskipum verða til ef takmarka þarf sókn í ákveðnar nytjar sem koma úr hafinu. Þar segir:

<sup>18</sup> <http://www.bb.is/wp-content/uploads/2017/04/02TBL.pdf> . Sótt: 18.07.2021

<sup>19</sup>[https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneytimedia/media/Skyrslur/Skyrsla\\_Hagfradistofnun\\_HI\\_a\\_flaregla\\_juni\\_2007.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneytimedia/media/Skyrslur/Skyrsla_Hagfradistofnun_HI_a_flaregla_juni_2007.pdf) Sótt:18.07.2021

Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á, en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, skal aflahlutdeild úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila.

Þá skal líta til laga nr.151/1996. um fiskveiðar utan lögsögu Íslands því nokkur hluti makrílafra íslenskra makrílveiðskipa hefur veiðst utan lögsögunnar. Makríl er skilgreindur sem flökkustofn, það er stofn sem flakkar á milli lögsagna ríkja. Nú seinni ár hefur orðið æ meira áberandi að þau veiðiskip sem fengu úthlutað leyfum til makrílveiða eftir skerðingu á stærri skipum ná ekki sínum heimildum þar sem fiskurinn hefur breytt göngu munstri sínu. Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 segir:

Sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni sem samfelld veiðireynsla er á skal aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum. Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt lögum þessum hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem er til ráðstöfunar af hálfu íslenskra stjórnvalda

Ekkert skip getur hafið veiðar í atvinnuskyni nema hafa til þess leyfi frá stjórnvöldum. Í II. kafla. 1. mgr. 4. gr. laga um stjórn fiskveiða er fjallað um þær heimildir sem fiskveiðiskipi stendur til boða:

Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Almenn veiðileyfi eru tvenns konar, þ.e. veiðileyfi með aflamarki og veiðileyfi með krókaafلامarki. Á sama fiskveiðiári getur skip aðeins haft eina gerð veiðileyfis.

Hér verður þó einungis fjallað um veiðileyfi með aflamarki, því allflest stærri skip Íslendinga stunda veiðar á slíku atvinnuleyfi. Þau lög sem um er fjallað hér, eru sett til að takmarka sókn í auðlind sem er sameign þjóðarinnar<sup>20</sup>. Stjórnarskráin gerir áskilnað um lagasetningu laga við skerðingu á atvinnufrelsi borgarans, sem fyrr segir.

Árið 2010 gaf þáverandi sjávarútvegsráðherra út reglugerð nr. 285/2010 um makrílveiðar. Þar er farið yfir það hvernig veiðiheimildir í makríl skulu skiptast milli útgerðarflokka. Með reglugerð þessari fengu bátar sem höfðu ekki veiðireynslu í makríl úthlutað veiðiheimildum. Í 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar kemur fram hvernig skuli staðið að úthlutun veiðiheimildum í makríl. Bátar í útgerðarflokkum sem ekki höfðu stundað makrílveiðar fá veiðiheimildir án þess að hafa nokkra veiðireynslu. Fyrirtæki sem höfðu lagt í þróunarkostnað til að ná árangri við þessar veiðar urðu fyrir tjóni. Skip þeirra urðu af heimildum til veiða á makríl:

<sup>20</sup> Vert er að skoða það hvort sameign þjóðarinnar sé raunveruleg og standist skoðun. Mikið hefur verið fjallað um þetta hugtak. Eitt er alveg ljóst að veiðiheimildir ganga manna milli með kaupum og sölum. Eins erfast skip og veiðiheimildir með. Í ritinu Þjóðareign, útgefandi Ugla árið 2007 eru 5. Lögfræðingar að fjalla um málið. Eins má líta til dóms Hæstaréttar 1998, bls. 4076. **Sett hér inn til umhugsunar fyrir lesendur.**

Heimilt er að veita fiskiskipum leyfi til makrílveiða sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni enda hafi viðkomandi skip stundað veiðar á makríl á árunum 2007, 2008 eða 2009 eða fyrirhugað er að það stundi veiðar samkvæmt 2. eða 3. töl. 2. gr.

Dómur Hæstaréttar nr. 508/2017 um reglugerð nr. 285/2010.

Með reglugerð nr. 285 frá 31. mars 2010 um stjórn makrílveiða íslenskra skipa árið 2010 var heildaraflinn ákveðinn 130.000 lestir það ár, þar af 20.000 lestir á samningssvæði NEAFC utan lögsögu ríkja, og honum skipt fyrir fram niður á þrjá flokka skipa. Í fyrsta lagi á skip sem veitt höfðu makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 og komu í þeirra hlut 112.000 lestir. Í öðru lagi á skip sem stunduðu veiðar á línu og handfæri, netaveiðar og til veiða í gildru og komu í þeirra hlut 3.000 lestir. Í þriðja lagi til skipa sem ekki féllu undir fyrri tvo flokkana og komu í þeirra hlut 15.000 lestir. Með reglugerð nr. 753/2010 var hluti þeirra sem féllu í fyrsta flokkinn aukinn í 115.600 lestir og samkvæmt því var 115.600 lestum ráðstafað til skipa á grundvelli aflareynslu eða um 86,5% leyfislegs heildarafla. Um aflaheimildir þeirra skipa sagði að þeim skyldi skipt hlutfallslega miðað við aflareynslu þeirra á árunum 2007, 2008 og til og með 11. júlí 2009, miðað við landaðan afla, að undanskildum heimildum til veiða í lögsögu Færeyja.

Það sem gerðist þarna með þessari reglugerð var það að skip sem ekki höfðu orðið sér út um aflareynslu fengu veiðiheimildir í makríl. Við það fengu sjómenn sem störfuðu á skipum sem höfðu aflareynslu minna í sinn hlut en rétt var og útgerðir minni hagnað.

### 3.1 Reglugerðir

Í 2. gr. reglugerðar nr. 285/2010 um makrílveiðar er fjallað um skiptingu á aflheimildum eftir flokkum skipa:

Fari leyfilegur heildarafl íslenskra skipa í makríl á árinu 2010 yfir 130.000 lestir eða 20.000 lestir á samningssvæði NEAFC, utan lögsögu ríkja, ákveður ráðherra hvort veiðar á makríl skuli bannaðar. Viðmiðun leyfilegs heildarafla skal ráðstafað með eftirfarandi hætti:

1. 112.000 lestum skal ráðstafað til skipa sem veitt hafa makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 og skal skipt hlutfallslega miðað við aflareynslu þeirra á árunum 2007, 2008 til og með 11. júlí 2009, miðað við landaðan afla, að undanskildum sérstökum heimildum til veiða í lögsögu Færeyja. Hafi skip sem aflareynsla er bundin við horfið úr rekstri er síðasta eiganda skipsins áður en það hvarf úr rekstri heimilt að ákveða á hvaða skip í hans eigu aflaheimildum er ráðstafað. Heimilt er að flytja aflaheimildir á milli skipa í eigu sömu útgerðar.
2. 3.000 lestum skal ráðstafað til skipa sem stunda veiðar á línu og handfæri, netaveiðar og til veiða í gildru.
3. 15.000 lestum skal ráðstafað til skipa sem ekki falla undir 1. og 2. töl. enda hafi útgerð skips sótt um leyfi til makrílveiða til Fiskistofu eigi síðar en 30. apríl 2010.<sup>21</sup>

<sup>21</sup> Í reglugerð þessari er að finna það sem deilum olli við úthlutun veiðiheimilda í makríl. Skip sem enga veiðireynslu hafa fá úthlutað veiðiheimildum. Sjá 2 og 3 tölulið.

Með útgáfu á þessari reglugerð var ráðherra að gera tilraun til þess að færa smærri skipum heimildir til makrílveiða og má ætla að það sé tilkomið vegna þess að einhverju leyti að fiskurinn gekk uppá grunnslóð víða við landið. Þekktasta dæmi um þessar veiðar var fyrir utan Keflavík og norður í Steingrímsfirði. Þessi aðferð við úthlutun var útfærð með ýmsum hætti allt þar til Hæstaréttur felldi sinn dóm 2017. Til þess að geta kallast „réttarríki“ þurfa ríki að uppfylla það meðal annars að uppfylla það að setning nákvæmra og sértækra lagafyrirmæla sé byggð á aðgengilegum, stöðugum, skýrum og almennum reglum og löggin þurfa að vera stöðug. Í ríki þar sem sífelld breyting er á lagasetningu verður allt ómarkvisst og vöntun á fyrirsjáanleika.

### 3.2 Sjómannalög

Um fjöllumarefni laga nr. 35/1985 ná til allra sjómanna á íslenskum skipum. Fjalla um þau skilyrði sem útgerð er sett varðandi aðbúnað sjómanna og skyldur sjómanna gagnvart útgerð. Einnig setja löggin útgerð að nokkru leyti lágmarks launakjör þótt ætíð sé tekið fram að kjarasamningur fari framar lögum. Í 4. gr. laganna segir:

Samtök sjómanna og útgerðarmanna geta samið um betri réttindi sjómönnum til handa en leiðir af ákvæðum laga þessara.

Ákvæði laga þessara um réttindi sjómanna skulu í engu skerða fyllri rétt þeirra samkvæmt kjarasamningum.

Þá taka löggin það fram að gerður skal skriflegur samningur við hvern og einn skipverja. Þar skal meðal annars koma fram hver ráðningarkjör þeirra séu, eru í 5 og 6 tölulið 6. gr. laganna. Þar segir:

5. umsamið kaup, m.a. fyrir aukavinnu eða yfirvinnu,

6. önnur hlunnindi.

Þá fjalla löggin um kaup skipverja - nánar til tekið með hvaða hætti uppgjör skuli framkvæmt og hver tímaramminn sé á uppgjöri. Í 1. mgr. 32. gr. segir:

Mánaðarlega skal skipverja látið í té sundurliðað launauppgjör til hans nema kjarasamningar mæli fyrir um skemmri uppgjörsfrest.

Ekki er fjallað um með neinum hætti um hið raunverulega launakerfi sem er við lýði á Íslandi sem sjómenn starfa á.

Í lögum um skiptaverðmæti, nr. 24/1996. er fjallað um skiptaprósentu til handa áhöfn fiskiskips þegar afli er seldur óunninn innanlands. 1. mgr. 1. gr. laganna er svohljóðandi:

Þegar afli fiskiskipa er seldur óunninn hér á landi er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 75% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir hann. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla í þessu sambandi kostnað við kaup á veiðiheimildum. Þessi hlutfallstala skal hækka eða lækka við breytingar á verði gasolíu til fiskiskipa með hliðsjón af því gasolíuverði í birgðum olúfélaganna sem olúverðsákvörðun miðast við hverju sinni. Skiptahlutfallið skal hækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadala lækkun á birgðaverði gasolíu niður fyrir 109 Bandaríkjadali á tonn fob en lækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadala hækkun á birgðaverði gasolíu umfram 133 Bandaríkjadali á tonn fob. Skiptaverðmæti aflans skal þó aldrei vera lægra samkvæmt þessari grein en 70% af heildarverðmæti. Breytingar á gasolíuverði til fiskiskipa skulu miðast við mánaðamót.

Í nefndarálitni með frumvarpinu kom fram á sínum tíma að hér væri sátt meðal hagsmunaaðila í máli þessu og væri því varasamt að brjóta hana upp. Ekki væri mikill ágreiningur um megin efni þess. Hér er á ferðinni það sem í daglegu tali er kallað, þátttaka sjómanna í olúkostnaði veiðiskips sem þeir eru að róa á. Þetta ákvæði er með einum eða öðrum hætti inn í kjarasamningum sjómanna.

### 3.3 Kjarasamningar sjómanna

Rétt er hér í upphafi að velta vöngum yfir því hvort kjarasamningar flokkist til réttarheimilda. Löggjafinn segir í 4. gr. sjómannalaga:

Samtök sjómanna og útgerðarmanna geta samið um betri réttindi sjómönnum til handa en leiðir af ákvæðum laga þessara.

Með þessu er hægt að fallast á að löggjafinn sé að framselja ákveðið vald til stéttarféлага og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi í því tilfelli þegar um fiskiskip er að ræða. Skúli Magnússon fyrverandi lektor við Háskóla Íslands, nú umboðsmaður Alþingis, fjallar um þetta í örfyrirlestri og segir þar: *Löggjafinn hefur í raun framselt aðilum vinnumarkaðarins vald til að setja reglur um tiltekin efni.*<sup>22</sup> Það er því hægt að fullyrða það og finna dæmi um að kjarasamningar stéttarféлага geta orðið að réttarreglu í dómsmálum og má finna dæmi um slíkt. Þá má sjá álit

<sup>22</sup><https://www.hi.is/~skulimag/powerpoint/Kjarasamningar.ppt> Sótt: 10.07.2021. Jafnframt segir að Skúli kjarasamningar feli í sér ófrávikjanlegar reglur á ákveðnu svæði. Líkjust þannig settum réttarreglum



frá Alþýðusambandi Íslands þar sem kemur fram skoðun samtakanna á kjarasamningum. Þar segir:

„Jafnvel þótt ekkert sé samið um vanefndir og brottvikningar í kjarasamningi, lögum eða ráðningarsamningi er þessi réttur til staðar og grundvallast hann á almennum reglum samningaréttarins og hefur skapast ákveðin dómaframkvæmd um hann hér á landi.“<sup>23</sup>

Í kjarasamningi vélstjóra segir í gr.1.01.

Útgerðarmaður tryggir vélstjórum (vélavörðum eftir því sem við á) hlut úr aflanum. Aldrei skal skipta í fleiri staði en menn eru í veiðiferð.

Í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands segir í grein 1.02:

Aldrei skal skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

Í kjarasamningi Farmanna og fiskimannsambands segir í grein 1.02:

Útgerðarmaður tryggir yfirmönnum hlut úr aflanum.

Aldrei skal skipta í fleiri staði en menn eru í veiðiferð.

Allt er þetta nokkuð samhljóða hvað varðar skilgreiningu á aflahlut hvort heldur er hjá stéttarfélagum sjómanna og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS). Komi til þess að skip sinni björgunarstörfum, t.d., bjargi öðru skipi sem er í háska statt skiptist greiðsla sú sem fyrir björgun fæst með svipuðum hætti:

Af nettóbjörgunarlaunum fær síðan útgerðin 60%, skipstjórinn 13,33%, en aðrir í áhöfninni, sem um borð eru, þegar björgun á sér stað, fá í sinn hlut 26,67% sem skiptist milli áhafnarinnar (ath. Skipstjórinn ekki það með) í hlutfalli við hlutaskiptareglur. Aðeins þeir skipverjar, sem staddir eru um borð, þegar bjargað er, eiga hlutdeild í björgunarlaunum, og því ekki þeir sem eru í fríi eða forfallaðir í landi.<sup>24</sup>

Það er ljóst mál að hlutaskiptakerfið er nær einrátt hvað varðar afkomu sjómanna á fiskiskipum á Íslandi. Það er allavega þegar aflaverðmæti er það hátt að aflahlutur sjómannsins er hærri en áður nefnd kauptrygging.

Í kafla 1.05. í kjarasamningi vélstjóra stendur:

Vélstjórum skal tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut. Þeir taka ekki þátt í útgerðarkostnaði. Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal

<sup>23</sup> <https://www.asi.is/vinnurettarvefur/vinnurettur/rettindi-og-skyldur/uppsogn-radningarsambands/starfslok-vegna-brota/rettarheimildir/> Sótt: 10.07.2021

<sup>24</sup> <https://sfs.is/greinar/kjaramal/> Sótt: 07.07.21

tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum.

Þegar afli er seldur milli óskyldra aðila, skal skipt úr því verði sem fyrir aflann fæst hverju sinni, sbr. 2. mgr. þessarar gr. samningsins. Ef afli er seldur beint milli óskyldra aðila án milligöngu innlendra eða erlendra fiskmarkaða getur áhöfn krafist samnings um uppgjörsverð fyrir þann afla.

Þessar greinar samningsins eiga að tryggja ákveðið heilbrigði í verðmyndun á fiski til veiðiskipa til þess að sjómenn séu ekki hlunnfarnir um laun. Það að útgerðarmaður hafi með höndum að selja aflann að því er aflahlut áhafnar varðar er í raun viðurkenning á eignarrétti áhafnar á sínum hluta því útgerðarmaður starfar í hennar umboði við sölu á hennar hlut í aflanum.<sup>25</sup>

Ábyrgð útgerðar gagnvart réttu verði og magni til handa sjómönnum er skýr. Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans í umboði sjómannsins er varðar hans aflahlut. Það er því ljóst mál að útgerðarmaður skal gæta hagsmuna umbjóðanda síns í hvívetna hvað varðar fjárhagslega hagsmuni hans eins og fram kemur í ofngreindum kjarasamningi. Lög nr. 7/1936. fjalla um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Í II. kafla þeirra er fjallað um umboð. Í 2. mgr. 10. gr. þess kafla segir:

Sé maður, samkvæmt samningi við annan mann, í stöðu, er eftir lögum eða venju felur í sér heimild til þess að reka erindi hins innan vissra takmarka, þá telst hann hafa umboð til þess að gera þá löggerninga, sem innan þeirra takmarka eru.

Þessi lagagrein segir það í raun að útgerðarmaður hafi í raun aðeins umboð til þess að erinda það fyrir umbjóðanda sinn sjómanninn, sem mælt er fyrir um í kjarasamningi. Það er sölu aflahluta áhafnar. Þarna reynir því mjög á heiðarleika þess aðila sem hefur það með höndum af hálfu útgerðar að gæta hagsmuna sjómannsins. Ástæða þess er eins og áður hefur komið fram að í því sem hér er verið að fjalla um, makríl, er útgerð og vinnsla á sömu hendi. Afli frá skipi er seldur til sama aðila og vinnur hann. Það þarf því að ríkja traust á milli aðila til að ekki verði um ágreining að ræða. Þetta ákvæði kjarasamningsins reynir líka á siðferðisvitund og er því ekki bara lagalegs eðlis. En auðvitað eru það réttarheimildirnar sem ráða ef ágreiningur rís. Þegar umboðsmaður starfar fyrir umbjóðanda eru í raun tveir löggerningar sem koma við sögu. Það er umboðið og í þessu tilfelli salan á aflahlut sjómannsins. Í 1. mgr. 11. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936. er fjallað um það þegar umboðsmaður gerir löggerning sem er andstæður fyrirmælum hans:

<sup>25</sup> Þegar talað er um aflahlut áhafnar er átt við hlutfall áhafnar í þeim fiski (verðmætum) sem skipið aflaði. Aflahlutur er því eign áhafnar eins og fram kemur kjarasamningi en útgerðar maður hefur með höndum sölu þess hlutar sem áhöfnin á. Hann starfar því sem umboðsmaður áhafnar og ber að gæta hagsmuna þeirra sem eiga þann aflahlut þegar hann er seldur. Fiski breytt í peninga.

Hafi umboðsmaður, er hann gerði löggerning, brotið í bág við þau fyrirmæli, er umbjóðandi gaf honum, og hafi þriðja manni verið þetta ljóst eða mátt vera það ljóst, þá er sá löggerningur ekki skuldbindandi fyrir umbjóðanda, enda þótt hann sé innan takmarka umboðsins.

Þessi lagagrein ítrekar það að umboðsmaður skal virða það sem fyrir hann er lagt og hefur einungis heimild til þess að selja hlut áhafnar í afla á hæsta verði. Það eitt skal ráða.

Eins og hér að ofan greinir fer útgerðarmaður með sölu á aflahlut sjómanna með umboði þeirra. Þar sem viðurkenndur er réttur til skaðabóta með Hrd. 508/2017 til handa Hugin ehf., er vert að gefa því gaum að Huginn ehf., verður fyrir tjóni vegna þess að skip fyrirtækisins fékk ekki þær veiðiheimildir sem dómurinn segir að það hafi átt rétt á. Ber því að álykta á þann veg að hagnaðarmissir komi til vegna þess að skipið gaf ekki það af sér sem það hefði gert ef ríkið hefði staðið rétt að úthlutun. Þá hefðu sjómenn fengið sinn hlut af veiðiheimildum þeim sem skipið var hlunnfarið um.

#### **4 Makríldeilan um veiðiheimildir**

Útgerðir makrílveiðiskipa sem veiða makríl í flottroll töldu sig hafa verið hlunnfarnar í aflaheimildum í makríl. Með útgáfu reglugerðar 285/2010 og síðari reglugerðum um stjórn makrílveiða eru færðar frá þessum skipaflokki umtalsverðar heimildir sem þessi skip höfðu aflað sér með veiðireynslu. Það er af því að þau höfðu stundað veiðar úr þessum stofni í 3 ár áður en sett var aflamark á til að takmarka sókn í stofninn. Útgerðir töldu sig hafa orðið fyrir umtalsverðu tjóni þess vegna á árunum 2011 til 2014. Það er ljóst mál að um gríðarleg verðmæti er um að ræða í þessum aflaheimildum sem færðar voru frá þessum skipum/útgerðum og öðrum afhentar. Það skal því engan undra þótt útgerðir hafi leitað réttar síns í -máli þessu. Áætlað hagnaðartap hjá þeim fyrirtækjum sem höfðuðu síðan mál út af þessu er samkvæmt áætlun endurskoðunarskrifstofuna Deloitte skiptir milljörðum á þessum árum.<sup>26</sup>

Tvær útgerðir uppsjávarskipa leituðu til umboðsmanns Alþingis varðandi reglugerð um stjórn makrílveiða. Í álitum hans nr. 7021/2012 og 7400/2013 kemur fram að hann fallist ekki á skýringar ráðuneytisins það er á þá heimild sem ráðuneytið telur sig hafa er varðar úthlutun makrílkvóta. Vert er að skoða hagsmuni sjómanna sem störfuðu á þessum skipum á þessum tíma og urðu af launum vegna þessara aðgerða eins og gert verður hér síðar. -Nær- samfélagið varð af útsvarstekjum sjómanna og hafnir sem veita þessum skipum þjónustu.

<sup>26</sup> [https://www.mbl.is/200milur/frettir/2018/12/06/domur\\_haestarettar\\_storsigur/](https://www.mbl.is/200milur/frettir/2018/12/06/domur_haestarettar_storsigur/) Sótt: 07.07.2021

Þegar skoða skal löginn sem eiga við þessa auðlind og veita heimild til að veiða makríl verður -að líta til laga nr. 151/1996. um- veiðar utan fiskveiðilögsögu Íslands því hér er um flökkustofn að ræða. Stofn sem fer um fiskveiðilögsögur margra ríkja. Í 2. mgr. 5. gr. er vel skýrt hvernig fara skuli með.

Sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni sem samfelld veiðireynsla er á skal aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum. Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt lögum þessum hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem er til ráðstöfunar af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Þau skilyrði sem fjallað er í lagagreininni voru fyrir hendi, það er veiðireynslan og skilyrði um ársafli. Það er nokkuð augljóst varðandi kröfur útgerða í máli þessu að þær voru réttmætar samkv., lögum þó svo að einstaka ráðamenn hefðu aðrar hugmyndir um ráðstöfun á aflaheimildum sem til ráðstöfunar voru samkvæmt ákvörðun ráðherra sjávarútvegsmála.

## 5 Dómar

### 5.1 Héraðsdómur

Huginn ehf., taldi að skip fyrirtækisins Huginn VE55 hefði verið hlunnfarið um aflaheimildir er varðaði makríl. Vildi fyrirtækið fá viðurkenndan rétt sinn til úthlutunar sem byggð hefði verið á þriggja ára veiðireynslu eins lög segðu til um. Jafnframt fór fyrirtækið framá að því yrði bættur sá hagnaðarmissir sem það hefði orðið fyrir vegna þessa.

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda á fjártjóni hans sem leiddi af því að Huginn VE 55, skipaskrárn. 2411, þ. á m. vegna Ísleifs VE 63, skipaskrárn. 1610, var með ákvörðunum Fiskistofu, á grundvelli reglugerða nr. 233 og 341/2011, 329/2012, 327/2013 og 376 og 644/2014, úthlutað minni aflaheimildum (kg) í makríl árin 2011 til 2014, en skylt var samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.<sup>27</sup>

Þann 3. mars. 2015. er höfðað mál og dómtekið 3. maí sama ár, mál Hugins ehf., gegn íslenska ríkinu fyrir héraðsdómi Reykjavíkur. Málshöfðun þess er tilkomin vegna þess að stefnandi, Huginn ehf., taldi sig hlunnfarinn um aflaheimildir á árunum 2011, 2012, 2013 og 2014 með reglugerðum þeim sem sjávarútvegsráðherra gaf út. Stefnandi byggir mál sitt á því að honum sé heimilt samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að fara með mál sitt fyrir dóm. Taldi stefndi að áskilnaður um lögvarða -hagsmunir hafi verið skýrður í hæstaréttardómum og hans hagsmunir séu nægjanlega staðfestir með minnisblaði frá Deloitte

<sup>27</sup> Hrd. 508/2017 (sótt úr héraðsdómi)

ehf., sem sýni tjón hans vegna þess að ekki hafi verið farið að lögum við úthlutun aflahlutdeildar með reglugerðum og úthlutun aflamarks í makríl. Máli sínu til stuðnings vísar hann til þess að komin hafi verið á þriggja ára veiðireynsla og hafi því átt að hlutdeildarsetja makrílstofninn. Hans hlutdeild í leyfilegum heildarafla hefði þá verið fastsett og hefði átt að verða hærri en hún varð. Máli sínu til stuðnings vísar hann til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 en þar segir að um stofna sem veiðast bæði innan og utan lögsögunnar, skuli gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða, það er laga nr. 116/2006. Í 2. mgr. 5. gr. laga 151/1996 segir að sé tekin ákvörðun um takmörkun á heildarafla í ákveðnum stofni skuli samfelld veiðireynsla þriggja ára ráða hlutdeild -skips af heildarmagni sem leyfilegt er að veiða. Vegna þessara reglugerðasetninga sem séu ekki lögum samkvæmt verði ríkinu gert að bæta fyrirtækinu það tjón sem það varð fyrir vegna þess að skip félagsins Huginn VE 55 fékk ekki þær heimildir sem það hefði átt rétt á. Þá kemur það fram í dómnum að fengið var álit sérfræðinga á því hvort Huginn VE 55 hefði getað afkastað því magni sem til viðbótar hefði komið ef skipið hefði fengið þær heimildir sem deilt var um. Var það mat sérfræðinga að svo hefði verið.

Stefndi, ríkið telur sig hafa verið í fullum rétti til setninga reglugerða um stjórn makrílveiða á árunum 2008-2014 og vísar í heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 151/1996 um veiðar utan lögsögu Íslands. Stefndi telur að málshöfðun stefnda snúist að mestu um 2. mgr. 5. gr laga nr. 151/1996 og álit umboðsmanns Alþingis sem áður er getið.<sup>28</sup> Þá kemur fram í vörn stefnda að ráðherra hafi skýra, rúma og sjálfstæða valdheimild til að leyfisbinda veiðar á deilistofni í því skyni m.a. að takmarka sókn í stofninn. Þá telur stefndi rangar lögskýringar rek í gegnum málavaxtlýsingu, málsástæðum og dómkröfum stefnanda. Ekki séu notuð rétt hugtök og eins og þau séu sett fram í reglugerðum og leyfisbréfum. Stefndandi haldi því fram að hlutdeildarsetning í makríl hafi verið vanrækt og úthlutun veiðiheimilda til skips hans Hugins VE 55 hafi verið of lítil vegna þessa. Í málsvörn stefnda kemur fram að hann telji að það þurfi að vera sex ára veiðireynsla til þess að skilyrði um hlutdeildarsetningu geti átt við í máli þessu. Í orðalagi 9. gr. laga nr. 116/2006 sé gert ráð fyrir að samfelld veiðireynsla liggja fyrir, hafi veiðar verið stundaðar lengur en í þrjú veiðitímabil, enda sé rætt um að þá skuli setja aflahlutdeildir. Í niðurstöðu dómsins kemur fram að Hafrannsóknastofnun hafi aldrei gefið út ráðgjöf um veiðar á makríl og því hafi ráðherra ekki verið skylt að gefa út reglugerð um það

<sup>28</sup> Álit umboðsmanns Alþingis nr. 7021/2012 og 7400/2013 Af framangreindu leiddi að sú ákvörðun stjórnvalda að hlutdeildarsetja ekki makrílstofninn frá þeim tíma hefði ekki verið í samræmi við lög. Að öðru leyti var í álitinu ekki tekin afstaða til ákvarðana stjórnvalda um stjórnun veiða úr makrílstofninum. Var mælt til þess að ráðuneytið tæki málið til skoðunar með hliðsjón af þessum sjónarmiðum.

magn sem mætti veiða úr makrílstofninum. Vegna þessa var ráðherra því heimilt að ákveða að leyfisveita makríl veiðar í genum Fiskistofu. Þess vegna hafi ekki þurft að hlutdeildar setja makríl. Ríkið því sýknað af kröfu stefnanda með dómi þessum.

## 5.2 Hæstaréttardómur

### 5.2.1 Yfirferð á Hrd. 508/2017

Huginn ehf., áfrýjaði máli þessu og óskaði þess að viðurkenningarkrafa hans yrði tekin til greina þess efnis að íslenska ríkið bæri skaðabótaskyldu á því fjártjóni sem fyrirtækið taldi sig hafa orðið fyrir vegna þess að skip þess, Huginn VE 55, fékk ekki þær aflaheimildir í makríl sem það átti rétt á samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Taldi Huginn ehf., að hlutdeildarsetning hefði verið orðin virk árið 2011. Því hefðu úthlutanir á aflaheimildum verið minni en þær hefðu átt að vera á árunum 2011 til 2014. Huginn ehf., taldi að 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 ætti við í þessum efnum en til vara 1. mgr. 9. gr. laga nr. 116/2006. Það kemur fram í dómnum að Huginn ehf., hafi falið Deloitte ehf., að reikna út hagnaðarmissi sinn fyrir þessi ár og gæti hann verið um 365.000.000 krónur. Þá kemur fram í dómnum að stefndi hafi ekki mótmælt þessum útreikningi. Fram kom í héraðsdómnum að Huginn VE 55 var talinn hafa haft getu til að anna þessum viðbótarheimildum sem fyrirtækið taldi að skipið hefði verið hlunnfarið um.<sup>29</sup>

Íslenska ríkið beitti þeirri vörn að úthlutað hefði verið aflaheimildum til Hugins VE 55 með réttum hætti samkvæmt lögum nr. 151/1996, 116/2006 og lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðir er snertu málið hefðu allar stoð í lögum. Benti ríkið á sérstaka heimild í 5. mgr. 4. gr. laga nr. 151/1996 en þar hefði ráðherra sérstaka heimild til þess að setja reglur um stjórn veiða. Í hæstaréttardómnum kemur það fram að niðurlagsákvæði 5. mgr. 4. gr. laga nr. 151/1996 væri fortakslaust um það að þegar ráðherra setti sérstakar reglur um stjórn veiða íslenskra skipa á grundvelli þessa ákvæðis giltu ákvæði 5. og 6. gr. laganna ef það ætti við. Hæstiréttur féllst á það að veiðireynsla hefði verið orðin samfeld árið 2011 því ársafli íslenskra skipa hefði þrisvar á undangengnum 6 almanaksárum fyrir árið 2011 náð þriðjungi þess heildarafla sem til ráðstöfunar var af hálfu stjórnvalda það ár. Þar af leiðandi hefði við úthlutun á aflaheimildum -í makríl fyrir árið 2011 verið skylt að ákvarða aflhlutdeild fiskiskipsins Hugins VE 55 í samræmi við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996. Féllst því Hæstiréttur á það í dómi sínum að Huginn ehf., ætti rétt á skaðabótum fyrir það fjártjón sem fyrirtækið varð fyrir vegna minni aflaheimilda en það átti réttilega rétt á.

<sup>29</sup> Grundvöllur fyrir því að sjómenn sem voru við störf á Huginn VE 55 hafi rétt í máli þessu er sá að skipið hafi haft getu til að anna þeim heimildum sem fyrirtækið taldi að skipið hefði verið hlunnfarið um.

## Dómsorð:

*Viðurkennt er að stefndi, íslenska ríkið, ber skaðabótaábyrgð á því fjártjóni sem áfrýjandi, Huginn ehf., kann að hafa beðið vegna þess að Hugin VE 55 var á árunum 2011 til 2014 með ákvörðunum Fiskistofu, sem teknar voru á grundvelli reglugerða, úthlutað minni aflaheimildum en skylt var samkvæmt lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.*

### 5.3 Aðrir dómur

Hægt er að líta til fleiri dóma þegar ámóta álitaefni hafa verið uppi. Hrd. nr. 39/2009 er dómur þar sem útgerð eru dæmdar bætur vegna úthlutunar á aflaheimildum. Héraðsdómur hafði viðurkennt rétt á bótum sem Berghóll ehf., gerði kröfu um fyrir dómi.

Berghóll ehf., höfðaði mál á hendur ríkinu og krafðist bóta vegna tjóns sem fyrirtækið hefði orðið fyrir vegna þess að aflareynsla skips fyrirtækisins var ekki virt á tímabilinu 1. júní til 16. ágúst 2001 við ákvörðun á aflahlutdeild í skötusel fyrir næsta fiskveiðiár. Kemur fram í dómnum að í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða komi fram að þegar takmarka þurfi leyfðan heildarafla í fyrsta skipti á tegund sjávardýra sem ekki hafi verið háð slíkri takmörkun skuli úthluta aflahlutdeild á grundvelli síðustu þriggja veiðitímabila. Komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að ákvæði reglugerðar nr. 631/2001 um lok viðmiðunartímabils veiðireynslu svo löngu fyrir útgáfudag hennar væri andstætt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/1990 og hefði það valdið tjóni hjá stefnanda vegna veiðireynslu sem hann hafi aflað á umræddu tímabili. Hæstiréttur viðurkenndi því skaðabótaskyldu ríkisins.

Þarna er til lykta leitt mál er varðar veiðireynslu eins og undangengið Hugins mál. Veiðireynsla skips ekki virt eins og lög mæla fyrir um. Á það ber að líta í máli þessu að B leigði frá sér hluta af aflaheimildum sínum til annarra og missir tekjur þess vegna eins og fram kemur í kröfugerð hans. Að því leyti eru málsástæður á annan veg en í máli Hugins ehf., Í hæstaréttardómi nr. 371/2005 er sama uppá teningnum, viðurkenndur réttur til skaðabóta vegna þess S hafði aflaði sér veiðireynslu sem kom honum ekki til góða við úthlutun á aflaheimildum í löngu og keilu. Ríkið dæmt skaðabóta skylt. Ekki kemur fram með neinum hætti í þessum dóm hve S taldi sig hafa orðið fyrir miklu tjóni. Að lokum er rétt að geta dóms Hæstaréttar nr. 509/2017 Ísfélag Vestmannaeyja höfðar samskonar mál á hendur ríkinu fyrir brot á 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/2017. Dómurinn felst á kröfur Ísfélags Vestmannaeyja ehf., með sama hætti og í Hugins málinu. Deloitte ehf., mat hagnaðarmissi félagsins um

2.300.000.000 krónur. Í dómsorðum kemur fram að viðurkennd sé skaðabótaábyrgð íslenska ríkisins á því fjártjóni sem Ísfélagið -kann að hafa beðið vegna þess að skip félagsins fengu ekki þá úthlutun á makríl sem lög mæltu fyrir um.

## 6 Skaðabótaábyrgð

Markmið og hlutverk skaðabótarreglna er í raun tvíþætt, sem bótahlutverk og varnaðarhlutverk. Bótahlutverkinu ætlað veita þeim sem verður fyrir tjóni fjárhagslega sé á sömu stöðu og hann var í fyrir tjónsviðburðinn. Hinu hlutverkinu er ætlað að hafa einhverskonar varnaðarhlutverk til að forða því að menn séu að valda hverjir öðrum tjóni. Til þess að ná fram varnaðaráhrifum skaðabótaréttar verða menn almennt að vita um tilvist hans. Varnaðaráhrif bótskyldu skaðabótaréttar eiga því að forða mönnum frá endurtekininu, þeirrar háttsemi að valda öðrum tjóni.

Eins og fram kemur í dómi 508/2017 ber íslenska ríkið skaðabótaábyrgð á því fjártjóni sem Huginn ehf., varð fyrir vegna makrílkvóta sem hann fékk ekki úthlutað. Fiskiskipið Huginn VE 55 er á þessum tíma frystiskip er vinnur aflann um borð og er því tiltölulega auðvelt að meta þær tekjur sem skipið varð af. Huginn er eina skipið sem fyrirtækið var með í rekstri á þessum tíma og það er því ljóst mál að allur hagnaður fyrirtækisins af sjósókn kemur til vegna þess. Það er því rétt að gefa því gaum að ekki bara eigendur fyrirtækisins urðu fyrir skaða vegna ráðstöfunar ráðherra, heldur og sjómenn og samfélagið sem þeir lifa í. Það hlýtur því að koma til skoðunar, þar sem þetta fyrirtæki hefur nú hafið það ferli að láta meta tjón sitt vegna þessa máls hver hlutur sjómanna sé í þeirri kröfugerð. Skipuð hefur verið matsnefnd í málinu og er hún að störfum nú þegar þetta er ritað. Rétt er að geta þess að meirihluti fyrirtækja sem varð fyrir tjóni vegna þessara ráðstafana ráðherra féll frá kröfum sínum, aðeins tvö héldu áfram með sín mál það er að hefja innheimtu á skaðabótum. Í réttarríki er það grundvallaratriði að réttur manna sé virtur, hvað þá dómur og því ætti það ekki að koma á óvart að innheimtar séu þær bætur sem þessi dómur býður. Þar sem fyrirtækið Huginn ehf., höfðar þetta mál en ekki eigendur vegna hagnaðarmissis er því vert að skoða hverjir eiga hagsmuni undir í máli þessu með beinum hætti. Fyrst til að fá sneið af kökunni, það er veiddum fiski, eru skipið sjálft sem atvinnutæki og sjómenn sem á því vinna. Skaði fyrirtækisins verður vegna þess að fisk sem Huginn VE 55 átti réttilega heimild til að veiða, veiddu aðrir bátar. Sjómenn er unnu um borð fengu ekki laun og hluthafar fengu ekki arð af þeim veiðiheimildum sem skip þeirra átti réttilega tilkall til að veiða. Eins og fram kom hér að ofan hefur verið skipuð matsnefnd til að meta tjón það sem hlaust af gjörðum ráðherranna. Hljóta fyrirtækin sem um ræðir að gera kröfur um það



heildartjón sem skapaðist við þessa ráðstöfun, með samfélagsleg ábyrgð sína að leiðarljósi.

Sakarreglan:

Maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni sem hann veldur með saknæmum og ólögmætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing hegðunar hans og raski hagsmunum sem verndaðir eru af skaðabótareglum. Það er og skilyrði að huglægar afsökunarástæður á borð við æsku eða skort á andlegri heilbrigði eigi ekki við um tjónvald.

Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að ákvörðun ráðherra er varðar úthlutun á makrílkvóta hafi verið ólögmæt, saknæmi er hins vegar spurning um hvort eigi við ásetningur eða gáleysi. Rétt er að geta þess að umboðsmaður Alþingis hafði fjallað um málið og bent á þessa ágalla hjá ráðuneytinu, eins kemur fram kemur hér áður. Tjónið er því afleiðing hegðunar ráðherra og raskar hagsmunum áfrýjanda.

## **7 Hver er réttur sjómanna í kjölfar dóms Hæstaréttar?**

Eitt mikilvægasta atriði sem sjómaður hefur í huga við ráðningu í skipsrúm er hverjar veiðiheimildir séu á því skipi sem hann er að ráða sig á. Það er grunnur launa hans. Því er í raun þannig háttað að allar tekjur sem koma inná fiskiskip, sama hvort þær eru vegna veiða, flutnings eða björgunar á öðru fari, mynda tekjustofn sem sjómaðurinn fær hlut úr eftir ákveðinni formúlu. Hagsmunir skips/útgerðar og sjómanns á fiskiskipi fara ætíð saman ekki er ágreiningur um það. Hlutaskipta kerfi er fornt launakerfi og má rekja tilurð þess aftur til þess tíma þegar menn reru til að fiska á árabátum og skiptu aflanum sín á milli eftir ákveðinni reglu. Kostir þessa launakerfis eru margir þó menn geti greint á um hve mikið eigi að koma til skipta til áhafnar. Þegar vel árar njóta sjómenn þess í sama hlutfalli og útgerðin og þegar verð lækkar á afurðum þá lækka tekjur sjómanna eins og hjá útgerð. Það er einnig innbyggður hvati í þessu kerfi sem verður til þess að sjómenn hugsa betur um þau verðmæti sem þeir eru með í höndunum því það gefur verðmætari afurðir. Aflaverðmætið sem er margfeldi af magni og verði á kílógrammi er grunnurinn að hagsæld sjómanns og skips/útgerðar. Það er því ljóst mál að aflaheimildir sem fiskiskip ætti að hafa fengið en fékk ekki skipta verulegu máli við afkomu sjómanns og útgerðar. Það eru þau kjör sem hlutskiptakerfi gefur í aðra hönd. Oft og tíðum má sjá gagnrýni á há laun sjómanna á fiskiskipum. Sá sem setur fram gagnrýnina gerir sér oft ekki grein fyrir því að launin eru afleiðing af góðri eða slæmri afkomu skipsins sem þeir eru að starfa á. Þannig að sjómenn taka niðursveifluna í greininni með útgerð og njóta góðra kjara þegar vel gengur. Í Morgunblaðinu má t.d., finna umfjöllun um laun sjómanna frá 27.júlí 2012.

„Það fyrst sem maður rekur augun í er að sjómenn eru að toppa forstjóra í launum,“ segir Jón G. Hauks-son, ritstjóri Frjálsrar verslunar en tekjublaðið kom út í morgun. 200 tekjuhæstu sjómennirnir eru að jafnaði með 2,4 milljónir kr. í mánaðarlaun en forstjórnarnir með 2,2 milljónir<sup>30</sup>.

Þess ber að geta að á þessum tíma er makrílveiði góð við Ísland og kemur það vel fram í þessum tölum. Í Auðlindinni kemur aftur hið gagnstæða fram árið 2016. í viðtali við formann Sjómanna og vélstjórafélags Grindavíkur.

„Laun sjómanna hafa lækkað gríðarlega í vetur, allt að 25 til 30% og það ýmislegt sem því veldur. Fiskverð á fiskmörkuðum hefur lækkað og sömuleiðis verð til sjómanna í beinum viðskiptum. Hækkun á gengi krónunnar lækkar tekjur sjómanna á frystitogurum og fleira má telja. Tekjur sjómanna miðast við ákveðið hlutfall af aflaverðmæti og lækki það, lækka tekjurnar“<sup>31</sup>.

Þannig að sveiflurnar eru miklar hvað varðar tekjur fiskiskipa og sjómanna.

Eins og fram kom í kaflanum um kjarasamninga hefur löggjafinn framselt ákveðið vald til stéttarféлага með því að viðurkenna kjarasamninga sem réttarheimild. Lítum því næst til dóms þar sem réttarheimildin kjarasamningur er notaður sem réttarregla<sup>32</sup>. Hrd. 416/1994 þar er fjallað um launadeilur milli útgerðar og sjómanns sem ekki fékk rétt upp gerðan aflahlut. Við rökstuðning í máli þessu notar Hæstiréttur kjarasamning sem réttarheimild. Deilt var um það að útgerðarmaður lækkaði skiptaverð til áhafnar frá raunverlegu söluverði aflans. Við það varð aflahlutur sjómannsins lægri en annars hefði orðið. Reifaður dómur Hæstaréttar:

Í samræmi við ákvæði kjarasamnings og 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur voru sérsamningar S við einstaka skipverja um þátttöku í kostnaði við kaup aflaheimilda taldir ógildir..... S, útgerðarmaður, gerði upp við hásetann G, á grundvelli þess aflaverð-mætis sem lagt var upp frá bátnum, en lækkaði aflaverð til skipta gagnvart honum og öðrum skipverjum sem svaraði helmingi kostnaðar af kaupum aflamarks. Talið var að S yrði að bera kostnað og áhættu af því hvernig skipi hans væri haldið til veiða. Yrði að líta svo á að kostnaður hans af kaupum aflamarks hefði átt að teljast til útgerðarkostnaðar í skilningi kjarasamnings. Samkvæmt ákvæði kjarasamnings og 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnu-deilur hefðu sérsamningar S við einstaka skipverja um annað fyrirkomulag verið ógildir. Var því fallist á kröfu G um greiðslu á van-greiddum hlut vegna starfa sinna.

Það sem gerist í raun og veru þarna er að hlutdeild skips verður hærri en ella hefði orðið ef ekki hefði komið til þessara málaferla. Jafnframt staðfestir dómurinn það að sjómenn eiga rétt á að

<sup>30</sup> [https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2012/07/26/sjomenn\\_toppa\\_forstjora\\_i\\_launum/](https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2012/07/26/sjomenn_toppa_forstjora_i_launum/) Sótt:10.07.2021.

<sup>31</sup> <https://audlindin.is/laun-sjomanna-hafa-laekkad-mikid/> Sótt.10.07.2021.

<sup>32</sup> Hæstiréttur nýtir grein í kjarasamningi til rökstuðnings.

launauppgjör þeim til handa sé í samræmi við það verð sem skipið/útgerðin fær raunverulega fyrir aflann. Sjómenn eiga sinn aflahlut eins og áður er fjallað um.

Stéttarfélag sjómanna sjá um gerð kjarasamninga fyrir sjómenn og eru þar á ferðinni nokkrir slíkir samningar við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi sem mótaðila. Í fyrsta lagi eru kjarasamningur fyrir skipstjóra og stýrimenn, kjarasamningur fyrir vélfræðinga og vélstjóra og kjarasamningur fyrir háseta. Grunntónninn sem einkennir alla þessa samninga er hlutaskiptakerfi. Hlutaskiptakerfið gengur í raun útá það að seldur afli frá fiskiskipi myndar launin. Sjómenn eiga ákveðinn hundradshluta af því verðmæti sem til skips kemur og myndar það svo kallaðan hásetahlut. Þegar hásetahlutur hefur verið fundinn ræðst það af stöðu manna um borð hvað þeir fá marga hluti. Skipstjóri er venjulega með 2 hásetahluti, yfirvélstjóri 1,52 til 1,75 eftir stærð og gerð skips. Til viðbótar kemur svo orlofsprósenta til viðbótar á hlut hvers og eins. Sjómönum eru tryggð svokölluð lágmarks-laun sem kölluð eru í daglegu tali kauptrygging. Kauptrygging er launagreiðsla sem greidd er ef skip nær ekki að skaffa þau verðmæti sem þarf til að ná því lágmarki sem kauptrygging er.

„Launakerfi íslenskra sjómanna byggist á hlutaskiptum sem þýðir að sjómaður á fiskiskipi fær ákveðna hlutdeild í því aflaverðmæti sem skipið sem hann vinnur á kemur með að landi, í stað þess að fá föst mánaðarlaun. Hlutaskiptakerfið þýðir í reynd að ef vel fiskast og skilyrði á mörkuðum fyrir sjávarafurðir eru góð að þá hækka laun sjómanna – hlutdeild þeirra reiknast af vaxandi verðmætum. Ef illa fiskast eða skilyrði á mörkuðum versna þá lækka laun sjómanna þar sem hlutdeild þeirra reiknast af minnkandi verðmætum. Tekjur útgerða og laun sjómanna haldast í hendur.”<sup>33</sup>

Það hefur áður komið fram að hlutaskiptakerfið er nær einrátt hvað varðar laun sjómanna á fiskiskipum á Íslandi. Allavega þegar aflaverðmæti er það hátt að aflahlutur sjómannsins sé hærri en áðurnefnd kauptrygging.

Í öllum kjarasamningum sjómanna er ákvæði um sölu aflans og það ferli sem er kringum hann. Í dag fer stærstur hluti af afla stærri skipa beint í vinnslu hjá eigendum skips. Veiðar og vinnsla eru á sömu hendi. Þannig að útgerð selur afla síns skips til eigin vinnslu og nær með því ákveðnu rekstraröryggi fram hjá sinni vinnslu. Það er öruggari hráefnisöflun. Oft og tíðum er ágreiningur milli áhafnar skips og útgerðar vegna verðmætis aflans. Margir telja þetta ógegnisæi sem verður vegna þess að útgerðir selja sjálfum sér afla skips, valda því að sjómenn verði af tekjum. Um leið verður útgerðarþáttur rekstursins, það er skipið af tekjum og -taki sá rekstrarþáttur því á sig ranga mynd, það er að ársreikningar margra stærri fyrirtækja gefi ekki

<sup>33</sup> <https://sfs.is/greinar/hlutaskiptakerfi-eda-fastlaunakerfi/> Höfundur Haukur Þór Hauksson aðstoðarframkvæmdarstjóri SFS. Sótt: 07.07.21

glögga mynd af útgerðarþætti rekstursins. Einkum á þetta við í svo kölluðum uppsjávargeira sem fiskar makríl, síld og loðnu. Mörgum hefur þótt nóg um mismun á verði á makríl milli Íslands annarsvegar og Noregs og Færeyja hins vegar til skipa þar af leiðandi greiðist ekki rétt laun til áhafna.

„Í pistli sem Vilhjálmur Birgisson formaður Verkalýðsfélags Akraness og varaforseti ASÍ ritar á Facebook í gær vekur hann máls á verðmun á makríl innanlands og í Noregi. Vill hann að fram fari opinber rannsókn á verðlagningu á uppsjávarafla hjá sjávarútvegsfyrirtækjum sem eru með veiðar og vinnslu á sömu hendi. Vísar Vilhjálmur til nýlegrar skýrslu Verðlagsstofu skiptaverðs þar sem skoðaður er verðmunur á makríl sem landað er á Íslandi annars vegar og hins vegar í Noregi á árunum 2012-2018. Þar kemur fram að meðalverð fyrir makríl í Noregi er allt að 277% hærra í Noregi en hér á landi.“<sup>34</sup>

Þetta sannar þær deilur sem eru kraumandi undir niðri í samfélaginu út af makríl og fleiri tegundum. Það skyldi því engan undra að margir séu um hituna þegar makrílkvóti er annarsvegar og sérstaklega ef Verðlagsstofa skiptaverðs<sup>35</sup> hefur sýnt framá þessi verðmæti og þetta sé raunveruleikinn að rangt sé gefið. Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson framkvæmdastjóri VSV. skrifar grein í Eyjafréttir vegna orða Kára Stefánssonar. Kári hafði gagnrýnt útgerðir eftir útgáfu skýrslu verðlagsstofu fyrir að greiða sjómönnum ekki rétt verð fyrir þeirra hlut í makríl:

Nokkru síðar birti Kári aðra grein í Fréttablaðinu, þá undir fyrirsögninni Landráð? og vísar til skýrslu Verðlagsstofu skiptaverðs um makríl og samanburð á skiptaverði hér og í Noregi. Hann sakar útgerðarmenn um að hlunnfara sjómenn og sveitarfélög, stela undan skatti með því að selja eigin félögum erlendis makríl á undirverði og stunda peningþvætti ofan á allt saman. Niðurstaðan er að útvegsmenn hafi stolið 300 milljörðum króna á sjö árum! Fleiri fráleitir fullyrðingar er að finna en byrjum á þessari<sup>36</sup>.

Ekki er ætlunin að greina sannleikann í þessum fullyrðingum manna, heldur sýna framá þær deilur sem eru um þá hagsmuni sem fólgnir eru í veiðiheimildum á makríl. Það sætir í raun furðu að opinberar stofnanir skuli ekki leggjast í rannsóknarvinnu á sannleiksgildi þessara fullyrðinga sem settar eru fram á opinberum vettvangi. Mætti þar nefna skattayfirvöld. Sjómenn

<sup>34</sup> <https://skessuhorn.is/2019/08/29/norskir-sjomenn-fa-allt-ad-277-haerra-verd-fyrir-makril/> Sótt. 10.07.2021

<sup>35</sup> Verðlagsstofa skiptaverðs starfar samkvæmt lögum nr.13/1998. Í 1. mgr. 1. gr. segir: Hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

<sup>36</sup> <https://eyjafrettir.is/2019/12/18/heidar%C2%ADleiki-og-rugladir-makri%C2%ADlut%C2%ADreikningar/> :sött 10.07.2021

sem stunda makrílveiðar hafa í raun ekki hugmynd um sannleiksgildi þeirra orða sem koma frá þessum áhrifamönnum.

Aðrar aðferðir við sölu á sjávarfangi eru fiskmarkaðir innanlands og erlendis. Þar verður verðmyndun í samræmi við eftirspurn, allavega ætti það að vera svo. Í öllum kjarasamningum sjómanna er ákvæði um meðferð og framkvæmd á sölu aflans. Varðandi þá umboðsmennsku sem útgerðarmaður hefur með höndum til sölu á aflahlut áhafnar er rétt að líta til dóm um slíkt efni. Í ljósi þess sem hér er fjallað um, það er umboðsmennsku útgerðarmanns til að gæta hagsmuna umbjóðanda síns sjómannsins, er það staðreynd að umboðsmaður er að selja fyrir sjálfan sig og sjómanninn, sjálfum sér aflann úr veiðiskipi- þar sem umboðsmaður er því þriðji aðli máls í þessu tilfalli. Finna má dóm þar sem umboðsmaður brýtur í bága við fyrirmæli umbjóðanda en er þó innan þess sem umboðið mælir fyrir um og getur umboðsmaður orðið skaðabótaskyldur gagnvart umbjóðanda sínum. Dæmi um þetta er Hrd., frá árinu 1945. bls. 287:

Í dómi þessum reyndi á umboð þar sem M hafði veitt GH til leigu á skipi sínu til til flotastjórnar Bandaríkjanna. Ágreiningur varð út af uppsagnarákvæði í samningnum þar sem M taldi að GH hefði ekki haft heimild til þess að ákveðið uppsagnarákvæði væri í samningnum. Niðurstaða Hrd., var sú að GH hefði ekki tekist að sanna það að hann hefði haft heimild til að semja á þennan hátt. Var GH dæmdur skaðabótaskyldur vegna þessa.<sup>37</sup>

Ætla má að útgerðarmaður sem færi gegn vilja launþega-sjómanns með umboði sínu gæti bakað sér skaðabótaábyrgð. Það er rétt að íhuga það vegna þessa umboðsákvæðis í kjarasamningum hve ábyrgð útgerðar er gríðarleg ef litið er til hagsmuna sjómanna. Þó svo að ekki sé fjallað um það með beinum hætti, um hagsmunum aðila er varðar óveiddar aflaheimildir í kjarasamningum eða öðrum réttarheimildum, er ljóst mál að þeir fara saman. Verði útgerð fyrir skerðingu á aflaheimildum skerðist hlutur sjómanns einnig. Hagsmunir fara saman í einu og öllu er þetta varðar. Líta verður til þess að frumtjón Hugins ehf., kemur til vegna þess að veiðiheimildir sem veiðiskipi -fyrirtækisins,- Hugins VE 55 voru úthlutaðar voru minni en lög kváðu á um. Því er réttur sjómanna til hluta hér til skoðunar.

---

<sup>37</sup> Reifun höfundar.

## 7.1 Hvert er tjón áhafnar meðlima á Hugin VE 55

### 7.1.1 Fyrirtækið Huginn ehf.,

Huginn ehf., gerir út uppsjávarveiðiskipið Hugin VE 55. Á þeim tíma sem hér til umfjöllunar er skipið rekið sem frystiskip, það er aflinn er unninn um borð og frystur. Fer síðan á markað erlendis. Um borð í skipinu störfuðu 18 sjómenn og má reikna með að í heildina hafi 26 til 30 sjómenn haft atvinnu á skipinu. Það er því rétt að skoða hvað sú skerðing sem varð á aflaheimildum skipsins skipti miklu máli fyrir þessar fjölskyldur, rekstur skips og eigendur. Það skal því engan undra þótt ráðamenn Hugins hafi tekið þá ákvörðun að láta fyrirtækið leita réttar síns er varðar veiðiheimildir þær sem hér um ræðir.

### 7.1.2 Áhöfnin og tjónið

Þegar meta þarf tjón sem sjómenn á Hugin VE55 urðu fyrir vegna ólögmætra aðgerða af hálfu ráðherranna verður að líta til þess hver hlutdeild skipsins er af þeim kvóta sem skipið fékk ekki. Þegar sú tala er fengin þarf að finna hvaða verð Huginn VE 55 var að fá fyrir aflann í hverri löndun, á hverju ári. Ef verð hefur verið misjafnt á milli mánaða þessi ár væri hægt að dreifa þeim aflaheimildum á milli þeirra mánaða sem skipið stundaði veiðar og reikna aflaverðmætið út frá því. Þannig mætti hugsa sér að finna út það tjón skipið varð fyrir. Einnig það tjón sem hver og einn sjómaður tók á sig vegna þessara skerðinga.

Í stefnu Hugins ehf., kemur fram að fyrirtækið stefni íslenska ríkinu til að fá viðurkenndan skaðabótarétt sinn vegna mistaka ráðherra við úthlutun aflaheimilda til Hugins VE 55 og Ísleifs 63 með reglugerð sem stóðst ekki lög nr. 151/1996. Líta verður til þess að fiskiskip er atvinnutæki sem deilir innkomu sem inná það kemur,- það er aflaverðmæti sem dregið er sjó með sjálfu sér/eigandanum og sjómanninum. Ef skip hefur ekki aflaheimildir verður ekki til aflaverðmæti. Það er því ljóst mál að tjón það sem atvinnutækið varð fyrir vegna þessarar skerðingar og gaf sjómanninum ekki sína hlutdeild í innkomu er hinn raunverulegi skaði hans. Eigendur skipsins/hluthafar verða því fyrir tjóni vegna þess að skip þeirra fékk ekki þær heimildir sem því voru ætlaðar og arður þeirra varð minni. Skaðabótakrafan er byggð á skipinu, það er afkomu þess sem varð lakari en hefði geta orðið ef rétt hefði verið að staðið. Eins og fram kemur í kjarasamningi sjómanna starfar útgerðarmaður í þeirra umboði við sölu aflans, það er þeirra hlut í aflanum. Þá má nefna t.d., björgunarlaun sem til skips koma, bjargi það t.d., öðru fari, þar á sjómaður rétt á launum eftir reglum hlutaskiptakerfisins. Einnig er rétt að benda á hve mikil ábyrgð hvílir á útgerðum að gæta hagsmuna sjómanna og um leið, skips vegna launakerfis þess sem sjómenn starfa eftir. Hagsmunir skips og sjómanna er órjúfanleg heild hvað varðar verðmæta sköpun.

Fram kemur í hæstaréttardóminum að Huginn ehf., varð af tekjum vegna þess að skip félagsins hafði ekki umræddar veiðiheimildir. Það er því í ljósi af alls framangreinds, það er um veiðiheimildir og meðferð þeirra, að Hæstiréttur Íslands er að dæma Huginn ehf. skaðabætur vegna tekjuskerðingar sem urðu vegna skerðingar á veiðiheimildum Hugins VE 55. Dómurinn tekur ekki beina afstöðu til þeirra útreikninga sem endurskoðandi Hugins ehf., setur fram heldur, tekur fram að stefndi hafi ekki gert athugasemdir við þann útreikning. Fjártjón Hugins ehf., verður vegna þess að Huginn VE 55 gefur ekki þann afla af sér í land sem hann hefði gert ef veiðiheimildum hefði verið úthlutað samkvæmt lögum. Ætla má að hagnaður, það er niðurstöðutala ársreiknings Hugins ehf., sé sem nemur þeirri tölu lægri er endurskoðandi fyrirtækisins reiknaði út og stefndi gerði ekki athugasemdir við lægri á þessum árum en ella hefði verið. Dómurinn er því aðeins að fjalla um þá fjármuni sem hlutfélagið varð af. Í hæstaréttardómi 39/2009 byggir stefnandi kröfugerð sína á því að hann hafi orðið af leigutekjum af aflaheimildum sem skip hans átti rétt á. Það háttar því þannig til í því máli að fyrirtæki getur ekki átt veiðiheimildir nema skip sé til staðar. Þar er því nærtækt að álykta á þann veg í því máli að bætur tilheyri veiðiskipi en sé ekki hagnaðarmissir eins og í dómi Hugins ehf., því fram kemur að stefndi reikni tjón fyrir missi á tekjum af sölu aflahlutdeildar í skötusel. Í engu þessara mála kemur fram að útgerð hafi - sinnt því að gæta hagsmuna sjómanna og sinna samfélagslegri ábyrgð varðandi þá sem urðu af tekjum vegna þeirrar úthlutunar á aflaheimildum sem skipum þeirra bar. Það er því niðurstaða í máli þessu að sjómenn eigi ekki beinan rétt til þeirra fjármuna sem Hæstiréttur dæmir að Huginn ehf., eigi rétt á vegna þess að rangt var staðið að úthlutun á veiðiheimildum í makríl á árunum 2011 til 2014.

Í ljósi þessarar niðurstöðu er vert að skoða hvort til greina komi að sjómenn eigi þá rétt á skaðabótum vegna missir á veiðiheimildum eins og útgerð. Aflahlutur sjómanns er lægri en ella ef rétt hefði verið að staðið. Í héraðsdómi -kemur það fram að það var metið af sérfræðingum hvort Huginn VE 55 hefði getað fiskað það magn sem hann átti rétt á. Var það metið svo að skipið hefði haft næga veiðigetu til að afla þeirra veiðiheimilda sem var krafist leiðréttingar á. Frumtjón Hugins ehf., kemur til vegna rangrar úthlutunar á veiðiheimildum en ekki vegna annarskonar tekjumissis. Hæstiréttur viðurkennir hagnaðarmissi Hugins ehf., vegna þess að fyrirtækið fékk ekki þær veiðiheimildir sem það átti rétt á. Hlutdeild sjómannsins í innkomu á skipið Huginn VE 55 er sammingsbundin í kjarasamningum sjómanna og afkoma fyrirtækisins byggist á veiðum skipsins líka, því ef ekkert er róíð eru engin verðmæti til að selja, sem gefa öllum aðilum í máli þessu tekjur. Á hinum almenna vinnumarkaði eru lögmálin

önnur er varðar launþega. Vinnuveitanda ber að greiða launþega laun á meðan ráðningarsamband er í gildi, þó svo hann hafi ekki verkefni fyrir hann. Þegar aflahlutur sjómanns hefur náð kauptryggingu er það aflahluturinn eftir það sem gefur tekjurnar til handa áhöfninni. Það er því augljóst mál er varðar tekjumissi sjómanna á Huginn VE 55 var og er ákveðinn hundradshluti - af innkomu sem skipið varð af. Þá kemur það fram í forsendum héraðsdóms eins og áður sagði að Huginn VE 55 hafði næga getu til að veiða þær heimildir sem deilan stóð um. Þá skal á það bent að umræddar veiðiheimildir urðu til vegna veiðireynslu. Ekki kaupa eða leigu á heimildum. Hæstiréttur viðurkennir að Huginn ehf. varð af hagnaði vegna þess að skip þess varð af veiðiheimildum sem skipið átti réttilega tilkall til. Ber því líta svo á að sjómenn eigi rétt til launa úr þeim heimildum sem Huginn VE 55 átti réttilega að hafa. Þar sem fyrirtækið ber ábyrgð á greiðslu launa til handa áhöfn Hugins VE 55 eiga sjómenn sem á skipinu störfuðu á umræddu tímabili rétt til launa nái skaðabótakrafa Hugins ehf., fram að ganga.<sup>38</sup>

## 8 Lokaorð

Með ritgerð þessari, er það von höfundar að hann hafi varpað ljósi á það hvort sjómenn á þeim skipum, sem fengu ekki þær veiðiheimildir í maktífl sem þeim bar, ættu rétt á skaðabótum/launum, eins Hæstiréttur viðurkenndi til handa útgerðarfyrirtækjum þeim sem urðu fyrir tjóni vegna rangrar úthlutunar á veiðiheimildum í maktífl. Á það skal bent eins og áður hefur komið fram að hagsmunir eru miklir fyrir alla aðila málsins sem urðu fyrir tjóni vegna þessa. Það er líka ljóst að þær útgerðir sem fengu veiðiheimildirnar og þeirra sjómenn hafa notið arðs sem ekki var fenginn með réttu háttalagi ríkisvaldsins. Þá er rétt að geta þess í lok þessa verkefnis að þeir aðilar sem fengu úthlutað „ólöglegum“ veiðiheimildum hafi nú seinni ár ekki náð sínum heimildum í hús og samkvæmt upplýsingavef Fiskistofu hefur engu verið landað úr þeim skipum á þessu ári sem fengu þessar umdeildu veiðiheimildir.

<sup>38</sup> Hér verður sýnt framá hve mikið tjón sjómanns á Huginn VE 55 gæti hafa verið. Reiknað verður með að hagnaður á þessum á þeim árum sem hér um ræðir 2011 til 2014 sé um 12%.

Hlutur háseta:

Áætlaður hagnaðarmissir á árunum er kr. 365.000.000/12\*100= kr.3.041.666.666 Sem er þá til skipta. Áður en til skipta kemur skulu dregin frá 30% samkvæmt lögum sem fjallað er um réttarheimildum.

kr.3.041.666.666\*70%= kr.2.129.166.666 af þessu eiga sjómenn 28% eða kr. 596.166.666 á þessum tíma var skipið á frystingu og voru 18 menn um borð. Skiptist því þessi verðmæti á milli þeirra, sem er kr. 33.120.000 á mann á þessum árum. Ef þetta eru réttar upplýsingar skal engan undra þó Huginn ehf., hafi leitað réttar sýns.



## HEIMILDASKRÁ

### Heimildir

<https://sjavarafli.is/kvoti-olympiskar-veidar-og-umburdarlyndi/>

<http://www.fiskistofa.is/leit?q=me%C3%B0afla>

<http://www3.hi.is/~agustei/agust/ordasafn.asp>

[https://sfs.is/wp-content/uploads/2018/06/2017Islenskur\\_sjavarutvegur\\_03\\_Nytjastofnar.pdf](https://sfs.is/wp-content/uploads/2018/06/2017Islenskur_sjavarutvegur_03_Nytjastofnar.pdf)

<http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/uthafsveidar/>

<https://sfs.is/greinar/hlutaskiptakerfi-eda-fastlaunakerfi/>

<https://www.ssi.is/kjaramal/kjarasamningur-milli-ssi-og-sfs/>

<https://vm.is/media/13081/Kjarasamningur-LIU-og-VM-2009-2011-A5-LOKA.pdf>

<https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/Skyrslur/3kafla.pdf>

<https://www.ruv.is/frett/2021/01/20/olia-kvotakerfid-og-thjodarsjodur>

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/sjavarutvegur-og-fiskeldi/sjavarutvegur/fiskveidistjornunarkerfid/>

<https://www.vb.is/frettir/atokin-um-kvotann/154071/>

<http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/stjornfiskveida/>

<http://www.bb.is/wp-content/uploads/2017/04/02TBL.pdf>

[https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneytimedia/media/Skyrslur/Skyrsla\\_Hagfradistofnun\\_HI\\_aflaregla\\_juni\\_2007.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneytimedia/media/Skyrslur/Skyrsla_Hagfradistofnun_HI_aflaregla_juni_2007.pdf)

<https://www.hi.is/~skulimag/powerpoint/Kjarasamningar.ppt>

<https://www.asi.is/vinnurettarvefur/vinnurettur/rettindi-og-skyldur/uppsogn-radningarsambands/starfslok-vegna-brota/rettarheimildir/>

<https://sfs.is/greinar/kjaramal/>

[https://www.mbl.is/200milur/frettir/2018/12/06/domur\\_haestarettar\\_storsigur/](https://www.mbl.is/200milur/frettir/2018/12/06/domur_haestarettar_storsigur/)

[https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2012/07/26/sjomenn\\_toppa\\_forstjora\\_i\\_launum/](https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2012/07/26/sjomenn_toppa_forstjora_i_launum/)

<https://audlindin.is/laun-sjomanna-hafa-laekkad-mikid/>

<https://skessuhorn.is/2019/08/29/norskir-sjomenn-fa-allt-ad-277-haerra-verd-fyrir-makril/>

<https://eyjafrettir.is/2019/12/18/heidar%C2%ADleiki-og-rugladir-makri%C2%ADlut%C2%ADreikningar/>

## **Lagaskrá**

Lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða

Lög nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands

Lög nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands

Lög nr. 35/1985 sjómannalög

Lög nr. 24/1986 um skiptaverð

Lög nr. 7/1936 um samningagerð, umboð og ógilda löggjörninga

Lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála

Lög nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs

## **Dómaskrá**

Dómur Hæstaréttar nr. 508/2017

Dómur Hæstaréttar nr. 509/2017

Dómur Hæstaréttar nr. 371/2005

Dómur Hæstaréttar nr. 39/2009

## **Annað**

Álit Umboðsmans Alþingis nr. 2021/2012

Álit Umboðsmans Alþingis nr. 7400/2013

